



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Einar Harðarson
Húsatóftum 1c
801 Selfossi.

Hornafirði, 19. október 2018

Varðar: Synjun á umsókn um rekstrarleyfi til sölu gistingar.

Embætti Sýslumannsins á Suðurlandi hefur haft til meðferðar umsókn Einars Harðarsonar, kt. 230951-2689, dags. 2. maí 2016, um leyfi til sölu gistingar í flokki II að Húsatóftum 1a, (fnr. 220-9125), Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Á grundvelli 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald var óskað eftir umsögnum frá þeim umsagnaraðilum sem ákvæðið telur upp.

Með bréfi dags. 20. júní 2018 veitti byggingarfulltrúi neikvæða umsögn um útgáfu leyfis til reksturs gististaðar í flokki II með vísan til þess að ekki hefði verið brugðist við athugasemd er varðar löglega stærð björgunaropa í herbergjum. Umsögn Brunavarna Árnessýslu dags. 19. júní 2018 var jafnframt neikvæð.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga nr. 85/2007 skal umsækjanda tilkynnt um fyrirhugaða synjun skriflega og skal þar getið um ástæður hennar. Skal umsækjanda gefinn kostur á að bæta úr því sem er ábótavant við umsókn, ef þess er kostur, innan hæfilegs tíma sem tilgreindur skal í tilkynningu. Að öðrum kosti skal umsókn synjað. Með bréfi dags. 22. júní 2018 var Einari Harðarsyni gefinn frestur til að bæta úr. Úrbætur hafa ekki farið fram.

Leyfisveitanda er óheimilt að gefa út rekstrarleyfi ef einhver hinna lögbundnu umsagnaraðila leggst gegn útgáfu leyfisins og ber að synja um útgáfu þess, sbr. 5. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 14. gr. laga nr. 85/2007.

Með vísan til framangreinds er umsókn Einars Harðarsonar um rekstrarleyfi **synjað**.

Synjun um útgáfu rekstrarleyfis má kæra til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu bréfs þessa, sbr. 27. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993, sbr. 26. gr. laga nr. 85/2007.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi


Anna Lilja Ragnarsdóttir





Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Afrit sent:

Skeiða- og Gnúpverjahreppur, skeidgnup@skeidgnup.is; kristofer@skeidgnup.is

Lögreglan á Suðurlandi, sudurland@logreglan.is

Brunavarnir Árnassýslu, arnessysla@eldvarnaeftirlit.is

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, hls@hls.is

Vinnueftirlit Suðurlands, vinnueftirlit@ver.is

Byggingarfulltrúi, runar@utu.is; hildur@utu.is;